



Reykjavík, 8. mars 2024  
MIR24030002

Borgarráð

## Samningar við félög og samtök

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs 8. mars 2024 voru lögð fram hjálögð samningsdrög við eftirtalin félög og samtök um samskiptamál hvað varðar styrkveitingar, rekstur ofl.

• Bridgesamband Íslands	2 ár	vegna reksturs
• Fjölur	3 ár	vegna reksturs Dalhúsa
• Fjölur, skákdeild	2 ár	vegna reksturs
• Íþróttasamband fatlaðra	2 ár	vegna reksturs sumarbúða
• KFUM og KFUK	2 ár	vegna reksturs
• Skátasamband Reykjavíkur	2 ár	vegna reksturs
• Hestamannafélagið Fákur	3 ár	vegna reksturs Reiðhallarinnar
• Skákdeild KR	2 ár	vegna reksturs
• Víkingaklúbburinn, skák	2 ár	vegna reksturs
• Taflfélag Reykjavíkur	2 ár	vegna reksturs
• Stelpur Rokka	2 ár	vegna reksturs
• Íþróttafélag fatlaðra	2 ár	vegna reksturs

Lagt var til að gerðir verði samningar til tveggja ára eða þriggja ára frá 1. janúar 2024 sbr. forsk. Fjárveiting ársins 2024 er í samræmi við fjárhagsramma menningar- og íþróttasviðs og fyrirvari er í samningunum um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar ár hvert.

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð samþykkti samningsdrögin fyrir sitt leyti og vísar þeim til staðfestingar borgarráðs.

Fulltrúar meirihluta Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram bókun sem færð er í trúnaðarbók.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,  
sviðsstjóri.

Hjálagt:

Drög að samningum



Reykjavík

# Samningur um styrk vegna bridge starfsemi

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík og Bridgesamband Íslands kt. 480169-4769, Síðumúla 37, 108 Reykjavík, gera með sér svohljóðandi samning um styrkveitingu, sem er gerður á grunni samstarfs Reykjavíkurborgar og Bridgesambandsins á liðnum árum:

## 1. gr. Markmið og hlutverk samningsins

Markmið samningsins er að tryggja öflugt samstarf samningsaðila um að efla barna- og ungmennastarf Bridgesambandsins og fylgja eftir að það fé sem Reykjavíkurborg leggur til starfsins nýtist sem best í þeim tilgangi.

## 2. gr. Framkvæmd

Með samningi þessum skuldbindur Bridgesambandið sig til að gera börnum og ungmennum kleift að iðka bridge með því að veita þeim greiðan aðgang að því starfi sem þar fer fram. Haldnar eru æfingar og mót fyrir börn og ungmenni. Enn fremur skal félagið beita sér fyrir útbreiðslu bridge íþróttarinnar.

## 3. gr. Styrkveiting

Reykjavíkurborg skal greiða Bridgesambandinu styrk sem nemur kr. 4.120.000 á samningstímanum eða kr. 2.060.000 á ári í formi skuldajöfnunar:

Veittur er styrkur fyrir árinu 2024 og 2025 að fjárhæð kr. 4.120.000 eða kr. 2.060.000.- ár hvort vegna reksturs deildarinnar með eftirfarandi hætti:

- a) Skuldajafnað; Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt „MÍR“) mun greiða húsaleigustyrk að upphæð kr. 2.060.000 á ári sem kemur ekki til útgreiðslu þar sem því er skuldajafnað á móti kröfu Reykjavíkurborgar vegna fasteignagjalda í febrúar ár hvert.

Greiðsla skal innt af hendi inn á bankareikning styrkþega nr. 0101-26-640269. Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

## 4.gr. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Skilyrði fyrir greiðslu styrks samkvæmt þessum samningi er að Bridgesambandið skili MÍR samþykktum ársreikningi og starfsskýrslu fyrir 1. maí ár hvert. Skili það ekki inn ársreikningi og starfsskýrslu fellur samningurinn úr gildi.

Við undirritun samnings skal Bridgesambandið leggja fram áætlun til tveggja ára yfir helstu verkefni og áherslur í barna- og unglingastarfi á tímabilinu og kynna það fyrir MÍR. Félagið skal í áætlunum sínum setja fram skýr markmið um starfsemina, tillögur að settu marki og hvernig skuli staðið að mati á árangri.

Bridgesambandið skal veita upplýsingar um þátttöku í starfinu, eftir kyni, sé þess óskað. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar og viðhafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

Bridgesambandið skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagráðum Reykjavíkurborgar sé þess er óskað.

### 5.gr. Samskipti

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd verkefnisins fyrir Reykjavíkurborg er hjá MÍR. Tengiliður fyrir hönd MÍR er skrifstofustjóri íþróttaborgarinnar. Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd Bridgesambandsins er forsvarsmaður sambandsins. Bridgesambandið skal senda ársreikning, starfsskýrslu og önnur viðeigandi gögn til skrifstofu MÍR, netfang mir@reykjavik.is.

### 6.gr. Vanefndir og meðferð deilumála

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannarlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Bridgesambandsins. Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega til tengiliða verkefnisins skv. gr. 5. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhöggi við markmið og stefnu borgarinnar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### 7. gr Gildistími

Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2024 og gildir til 31. desember 2025. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum. Samningur þessi er tvær blaðsíður, gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila.

Reykjavík, , \_ . mars 2024

F.h. Bridgesambands Íslands

F.h. Reykjavíkurborgar

# Samningur um rekstur íþróttamannvirkja í Grafarvogi

Þessi samningur er gerður á milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík og Ungmennafélagsins Fjölnis, kt. 631288-7589, Fossaleyni 1, 112 Reykjavík, (hér eftir nefnt Fjöl­nir). Í samningi þessum er kveðið á um skyldur Fjölnis og Reykjavíkurborgar.

## 1. gr.

Fjöl­nir skal sjá um rekstur íþrótt­a- og félagsaðstöðu og búning­saðstöðu í íþróttahúsi í Dalhúsum, 113 Reykjavík, ásamt æfingavöllum og knattspyrnuleikvangi samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa.

Fjöl­nir er þjónustuaðili og hverfisfélag fyrir íþróttastarfsemi í Grafarvogi. Fjöl­nir er fjölgreinafélag og fer meginstarfsemi þess, á samningstímanum, fram í íþróttamiðstöðinni við Dalhús og íþrótt­a- og skrifstofuaðstöðu í Egilshöll við Fossaleyni. Auk þess mun Fjöl­nir einnig nýta aðstöðu í öðrum mannvirkjum samkvæmt úthlutun Íþróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir ÍBR) hverju sinni.

## 2. gr.

Fjöl­nir skal greiða rekstrarkostnað vegna íþróttahúss í Dalhúsum og valla, þ.m.t. laun starfsmanna sem starfa við bað- og búning­sklefavörslu og kostnað vegna ræstinga. Fjöl­nir greiðir útkallskostnað vegna vegna brunavarna- og innbrotakerfis.

Fjöl­nir skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna hússins og ber ábyrgð á því skaðabótaskylda tjóni sem gestir kunna að verða fyrir og rekja má til vanrækslu á viðhaldi, sem er á ábyrgð félagsins, eða umsjón félagsins eða umsjón félagsins á íþróttamannvirkjum.

Fjöl­nir annast alla þjónustu við æfingar og mót á vegum Fjölnis og ÍBR. Samráð verður á milli starfsmanna á skrifstofum Fjölnis og ÍBR um niðurröðun leikja, móta og æfinga í öllum þeim mannvirkjum sem tilgreind eru í samningi þessum.

Fjöl­nir skuldbindur sig til að halda við þeim mannvirkjum sem samningur þessi nær til og annast allt viðhald og lagfæringar, sem nauðsynlegar verða á samningstímanum

Í íþróttahúsinu fer fram íþróttakennsla á vegum skóla- og frístundasviðs. Fjöl­nir skal annast gæslu á bað- og búning­sklefum og þrif. Skólinn skal hafa forgang um tíma í íþróttahúsinu frá 8:00 – 14:00 alla virka daga á meðan skólastarf er. Fjöl­nir skal hafa samskipti við skólana um niðurröðun á tímum og hvenær skólinn er með starfsemi í íþróttahúsinu.

Fjöl­ni er heimilt að leigja út félagsaðstöðu í Dalhúsum og renna þær tekjur til Fjölnis, svo og tekjur af auglýsingum á mannvirkjum. Menningar- og íþróttasviði (hér eftir MÍR) eru heimiluð afnot af félagsaðstöðu á samningstímanum fyrir fundi og ráðstefnur MÍR/ Reykjavíkurborgar án endurgjalds.

### 3. gr.

Meiriháttar viðhald mannvirkja er á ábyrgð Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg greiðir einnig öll opinber gjöld af mannvirkinu þ.m.t. fasteignaskatt, lóðarleigu og önnur sambærileg gjöld.

Reykjavíkurborg greiðir kostnað við rafmagn, hita og heitt vatn. Reykjavíkurborg mun greiða fyrir kostnað við brunavarna- og innbrotakerfi. Öll útköll vegna bruna- og innbrotakerfis verður greitt af Reykjavíkurborg og endurkafið af Fjölni í desember ár hvert. Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt MÍR) greiðir innri leigu vegna mannvirkisins til eignasjóðs Reykjavíkur.

### 4. gr.

Rekstrarframlag Reykjavíkurborgar til Fjölnis skal vera kr. 18.582.632,- á ári, til reksturs á íþróttahúsi og íþróttavöllum Dalhúsa skv. lýsingu hér að framan.

Fjölnir fær einnig óháð þessum samning styrk að fjárhæð kr. 55.256.00 ár hvert frá Reykjavíkurborg greitt af IBR í samræmi við úthlutunarreglur IBR um húsaleigu- og æfingarstyrki. Styrkurinn er vegna íþróttafulltrúa, skíðaskála, sumarstarfs og þjónustu á vegum félagsins, og er greiddur af IBR.

Auk þess greiðir MÍR innri leigu af Dalhúsum til Eignasjóðs að fjárhæð kr. 119.752.268 árlega.

Fjárhæðir greiðslna á árinu 2024 skulu ekki breytast en árið 2025 skulu þær verðbætast í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs frá janúar 2024 til janúar 2025.

Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

### 5. gr.

#### **Aðstaða í Egilshöll**

- a. Reykjavíkurborg greiðir fyrir húsaleigu og þjónustu í Egilshöll samkvæmt sérstökum samningi þar um dags. 19. maí 2010 milli Reykjavíkurborgar og Knatthallarinnar ehf. og síðari viðaukum.
- b. Fjölnir er með aðstöðu í Egilshöll fyrir íþróttastarf, skrifstofu, funda- og félagsstarf samkvæmt sérstöku samkomulagi við ÍTR og rekstraraðila Egilshallar.
- c. Þrif og önnur þjónusta á allri aðstöðu Fjölnis í Egilshöll er á hendi rekstraraðila Egilshallar.
- d. Fjölnir hefur heimild til veitingasölu í kringum æfingar og keppnir í aðstöðu félagsins í Egilshöll.
- e. Nafnið Fjölnishöll verður notað fyrir fjölnota íþróttahús við Egilshöll, eins og rekstraraðili mannvirkis hefur samþykkt. Nafnið Fjölnishellirinn verður notað fyrir íþróttaaðstöðu í austurenda Egilshallar.
- f. Í íþróttaaðstöðu í Egilshöll munu á samningstímanum fara fram æfingar og keppnir á vegum Fjölnis í knattspyrnu, handknattleik, körfuknattleik, fimleikum, karate, íshokki, listskautum, frjálsum íþróttum, blaki, íþróttum eldri borgara og rafíþróttum.
- g. Fjölni er heimilt að leigja út íþrótt- og samkomusali auk valla í og við Egilshöll í samráði við rekstraraðila húsnæðisins og renna tekjur af slíkri útleigu til Fjölnis. Reykjavíkurborg

eru heimil endurgjaldslaus afnot af félagsaðstöðu á samningstímanum fyrir fundi og ráðstefnur, í samráði við framkvæmdastjóra Fjölnis.

#### 6. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu styrks samkvæmt þessum samningi er að Fjölur skili MÍR samþykktum ársreikningi og starfsskýrslu fyrir 1. maí ár hvert. Skili Fjölur ekki inn ársreikningi og starfsskýrslu fellur samningurinn úr gildi.

Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar og viðhafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar. Fjölur skal jafnframt veita Reykjavíkurborg upplýsingar um þátttöku í starfinu eftir kyni sé þess óskað.

Fjölur skal láta þess getið í öllu kynningarefni á vegum félagsins að það hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal auðkennt með merki Reykjavíkurborgar.

#### 7. gr.

Umsjón og eftirlit með samningnum fyrir Reykjavíkurborg er hjá MÍR. Tengiliður fyrir hönd MÍR er skrifstofustjóri íþróttaborgarinnar. Ábyrgðaraðili og tengiliður samningsins fyrir hönd Fjölnis er framkvæmdastjóri félagsins. Fákur skal senda ársreikning, starfsskýrslu og önnur viðeigandi gögn til skrifstofu MÍR, netfang mir@reykjavik.is.

#### 8. gr.

Verði veruleg breyting á rekstri samkvæmt samningi þessum, frá því sem er við undirritun samnings, svo sem vegna kjarasamninga, er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun á samningnum og skal ósk um slíkt berast til menningar-, íþrotta- og tómsundaráðs.

#### 9. gr.

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2024. Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaðar fyrirvara frá þeim degi þegar tilkynning um uppsögn er send gagnaðila með sannanlegum hætti.

#### 10. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er þrjár blaðsíður, gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, \_\_. mars 2024

F.h Fjölnis

F.h Reykjavíkurborgar

---

---

# Samningur um styrk vegna skákstarfsemi

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Ungmennafélag Fjölnis skákdeild kt. 631288-7589, Fossaleyni 1, 112 Reykjavík (hér eftir nefnt „Fjölnir“) gera hér með sér svohljóðandi samning um styrkveitingu, sem er gerður á grunni samstarfs Reykjavíkurborgar og Fjölnis á liðnum árum.

## 1. gr. Markmið og hlutverk samningsins

Markmið samnings þessa er að tryggja öflugt samstarf samningsaðila í því skyni að efla barna- og ungmennastarf Fjölnis í skák og fylgja eftir að það fé sem Reykjavíkurborg leggur til starfs Fjölnis nýtist sem best í þeim tilgangi.

## 2. gr. Framkvæmd

Með samningi þessum skuldbindur Fjölnir að gera sem flestum börnum og unglingum kleift að iðka skák með því að veita þeim greiðan aðgang að því starfi sem þar fer fram. Haldnar eru æfingar og mót fyrir börn og ungmenni. Enn fremur skal félagið beita sér fyrir útbreiðslu skák íþróttarinnar.

## 3. gr. Styrkveiting

Veittur er styrkur fyrir árinu 2024 og 2025 að fjárhæð kr. 3.000.000 eða kr. 1.500.000.- ár hvort vegna reksturs deildarinnar. Styrkurinn greiðist sem hér segir ár hvert:

- a. 1.maí 750.000.-
- b. 1.september 750.000.-

Greiðsla skal innt af hendi inn á bankareikning styrkþega nr. 0114-26-1160. Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

## 4. gr. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Skilyrði fyrir greiðslu styrks samkvæmt þessum samningi er að Fjölnir skákdeild skili MÍR samþykktum ársreikningi og starfsskýrslu fyrir 1. maí ár hvert. Skili Fjölnir ekki inn ársreikningi og starfsskýrslu fellur samningurinn úr gildi.

Við undirritun samnings skal Fjölnir leggja fram áætlun til tveggja ára yfir helstu verkefni og áherslur í barna- og unglingastarfi á tímabilinu og kynna það fyrir MÍR. Félagið skal í áætlunum sínum setja fram skýr markmið um starfsemina, tillögur að settu marki og hvernig skuli staðið að mati á árangri.

Fjölnir skal veita upplýsingar um þátttöku í starfinu, eftir kyni, sé þess óskað. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar og viðhafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

Fjöltnir skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagraðum Reykjavíkurborgar sé þess er óskað.

### **5. gr. Samskipti**

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd fyrir Reykjavíkurborg er hjá MÍR. Tengiliður fyrir hönd MÍR er skrifstofustjóri íþróttaborgarinnar. Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd Fjölnis er forsvarsmáður félagsins. Fjöltnir skal senda ársreikning, starfsskýrslu og önnur viðeigandi gögn til skrifstofu MÍR, netfang mir@reykjavik.is.

### **6. gr. Vanefndir og meðferð deilumála**

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Fjölnis. Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu hennar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### **7. gr. Gildistími**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2024 til og með 31. desember 2025. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum

Samningur þessi er þrjár blaðsíður, gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvern samningsaðila.

Reykjavík, \_ . mars 2024

F.h. Fjölnis skákdeild

F.h. Reykjavíkurborgar



# Samningur um styrk vegna sumarbúða fatlaðra

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Íþróttasamband fatlaðra, kt. 620579-0259, (hér eftir nefnt „ÍF“) gera hér með sér svohljóðandi samning um styrkveitingu, sem er gerður á grunni samstarfs Reykjavíkurborgar og ÍF á liðnum árum.

## 1. gr. Markmið og hlutverk samningsins

Markmið samnings þessa er að tryggja öflugt samstarf samningsaðila í því skyni að styrkja rekstur sumarbúða ÍF. Styrkþegi skal skila styrkveitanda skýrslu um framvindu verkefnisins fyrir lok verkefnisins í samræmi við 10. gr. reglna Reykjavíkurborgar um styrki. Skýrslunni skal fylgja greinargerð sem hægt er að nálgast á slóðinni: <http://www.reykjavik.is/styrkir> og senda til [mir@reykjavik.is](mailto:mir@reykjavik.is)

## 2. gr. Styrkveiting

Veittur er styrkur fyrir árinu 2024 og 2025 að fjárhæð kr. 2.400.000 eða kr. 1.200.000.- ár hvort vegna reksturs deildarinnar. Styrkurinn greiðist sem hér segir ár hvort:

- a. 1.maí 600.000.-
- b. 1.september 600.000.-

Greiðsla skal innt af hendi inn á bankareikning styrkþega nr. 0313 – 26 - 000757 . Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

## 3. gr. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Skilyrði fyrir greiðslu styrks samkvæmt þessum samningi er að ÍF skili MÍR samþykktum ársreikningi og starfsskýrslu fyrir 1. maí ár hvert. Skili ÍF ekki inn ársreikningi og starfsskýrslu fellur samningurinn úr gildi.

ÍF skal veita upplýsingar um þátttöku í starfinu, eftir kyni, sé þess óskað. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar og skal hafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

ÍF skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagraðum Reykjavíkurborgar sé þess er óskað án sérstakrar þóknunar.

## 4. gr. Samskipti

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd fyrir Reykjavíkurborg er hjá MÍR. Tengiliður fyrir hönd MÍR er skrifstofustjóri íþróttaborgarinnar. Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd ÍF er framkvæmdarstjóri félagsins.

## 5. gr. Vanefndir og meðferð deilumála

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu ÍF. Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu hennar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 6. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2024 til og með 31. desember 2025. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum

Samningur þessi er tvær blaðsíður, gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvern samningsaðila.

Reykjavík, \_\_. mars 2024

F.h. Íþróttasamband fatlaðra

F.h. Reykjavíkurborgar

---

---

# Samningur um styrk vegna æskulýðsstarfs

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og KFUM og KFUK á Íslandi, kt. 690169-0889, Holtavegi 28, 104 Reykjavík, (hér eftir nefnt „KFUM og KFUK“) gera hér með sér svohljóðandi samning um styrkveitingu, sem gerður er á grunni samstarfs Reykjavíkurborgar og KFUM og KFUK á liðnum árum:

## 1. gr. Markmið og hlutverk samningsins

Markmið samnings þessa er að tryggja öflugt samstarf samningsaðila í því skyni að efla barna- og ungmennastarf KFUM og KFUK í Reykjavík og fylgja eftir að það fé sem Reykjavíkurborg leggur til starfs KFUM og KFUK nýtist sem best í þeim tilgangi.

## 2. gr. Framkvæmd

Með samningi þessum skuldbindur KFUM og KFUK að gera sem flestum börnum og unglingum kleift að taka þátt í starfi samtakanna m.a. með því að veita þeim greiðan aðgang að því starfi sem þar fer fram. KFUM og KFUK skal kappkosta að haga skipulagningu sinni þannig að starfið verði í boði í öllum hverfum borgarinnar.

Styrkur samkvæmt þessum samningi er m.a. veittur vegna:

- Barna- og unglingastarfs yngri iðkendur 9-12 ára.
- Unglingadeildarstarfs 13-16 ára
- Starf fyrir eldri ungmenni en 16 ára.
- Leiðtogaþjálfun ungmenna.

## 3. gr. Styrkveiting

Veittur er styrkur fyrir árin 2024 og 2025. Styrkur vegna ársins 2024 er kr. 32.613.000.- vegna reksturs skrifstofu og faglegrar þjónustu KFUM og KFUK. Styrkurinn greiðist sem hér segir:

- a) Skuldajafnað; Reykjavíkurborg mun halda eftir hluta framangreindrar greiðslu vegna fasteignagjalda, vegna fasteignarinnar Holtavegs 28 sem er í eigu KFUM og KFUK, sem eru áætluð alls kr. 11.230.000.- fyrir árið 2024.
- b) Útgreiðsla; eftirstöðvar greiðslna er kr. 21.383.000.- miðað við upphæð í lið a), greiðast með jöfnum greiðslum mánaðarlega.

Fjárhæðir greiðslna á árinu 2024 skulu ekki breytast en árið 2025 skulu þær verðbætast í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs frá janúar 2024 til janúar 2025.

Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

## 4. gr. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Skilyrði fyrir greiðslu styrks samkvæmt þessum samningi er að KFUM og KFUK skili MÍR samþykktum ársreikningi og starfsskýrslu fyrir 1. maí ár hvert. Skili KFUM og KFUK ekki inn ársreikningi og starfsskýrslu fellur samningurinn úr gildi.

Við undirritun samnings skal KFUM og KFUK leggja fram áætlun til tveggja ára yfir helstu verkefni og áherslur í barna- og unglingastarfi á tímabilinu og kynna það fyrir MÍR. Félagið

skal í áætlunum sínum setja fram skýr markmið um starfsemina, tillögur að settu marki og hvernig skuli staðið að mati á árangri.

KFUM og KFUK skal veita upplýsingar um þátttöku í starfinu, eftir kyni, sé þess óskað. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar og viðhafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

KFUM og KFUK skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagraðum Reykjavíkurborgar sé þess er óskað.

## **5. gr. Samskipti**

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd fyrir Reykjavíkurborg er hjá MÍR. Tengiliður fyrir hönd MÍR er skrifstofustjóri íþróttaborgarinnar. Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd KFUM og KFUK er framkvæmdastjóri félagsins. KFUM og KFUK skal senda ársreikning, starfsskýrslu og önnur viðeigandi gögn til skrifstofu MÍR, netfang [mir@reykjavik.is](mailto:mir@reykjavik.is).

## **6. gr. Vanefndir og meðferð deilumála**

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu KFUM og KFUK. Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu hennar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## **7. gr. Gildistími**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2024 til og með 31. desember 2025. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum

Samningur þessi er þrjár blaðsíður, gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvern samningsaðila.

Reykjavík, \_\_. mars 2024

F.h. KFUM og KFUK á Íslandi

F.h. Reykjavíkurborgar



# Samningur um styrk vegna æskulýðsstarfs

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Skátasamband Reykjavíkur, kt. 580269-7609, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík, (hér eftir nefnt „SSR“), „samningsaðilar“ gera hér með sér svohljóðandi samning um styrkveitingu sem er gerður á grunni samstarfs Reykjavíkurborgar og SSR á liðnum árum.

## 1. gr. Markmið og hlutverk samningsins

Markmið samnings þessa er að tryggja öflugt samstarf samningsaðila í því skyni að efla barna- og ungmennastarf SSR í Reykjavík og fylgja eftir að það fé sem Reykjavíkurborg leggur til starfs SSR nýtist sem best í þeim tilgangi.

## 2. gr. Framkvæmd

Með samningi þessum skuldbindur SSR að gera sem flestum börnum og unglingum kleift að taka þátt í starfi samtakanna m.a. með því að veita þeim greiðan aðgang að skátafélögunum og því starfi sem þar fer fram. SSR skal kappkosta að haga skipulagningu sinni þannig að starfið verði í boði í öllum hverfum borgarinnar.

## 3. gr. Styrkveiting

Veittur er styrkur fyrir árin 2024 og 2025. Styrkur vegna ársins 2024 er kr. 32.872.000.- vegna reksturs skrifstofu SSR, rekstur skátaheimila, æskulýðsfulltrúa og sumarstarfs. Styrkurinn greiðist sem hér segir:

- a) Skuldajafnað; Reykjavíkurborg mun halda eftir hluta framangreindrar greiðslu vegna fasteignagjalda af æskulýðsmannvirkjum SSR, sem eru áætluð alls kr. 9.759.000.- fyrir árið 2024.
- b) Útgreiðsla; eftirstöðvar greiðslna er kr. 23.113.000.- miðað við upphæð í lið a), greiðast með jöfnum greiðslum mánaðarlega.

Fjárhæðir greiðslna á árinu 2024 skulu ekki breytast en árið 2025 skulu þær verðbætast í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs frá janúar 2024 til janúar 2025.

Til viðbótar við framangreint skal Reykjavíkurborg greiða framlag að fjárhæð kr. 6.000.000.- vegna hverfatengdra verkefna sem greiðast 1. febrúar og 1. júní ár hvort. Þessi fjárhæð verðbætist ekki.

Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

## 4. gr. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Skilyrði fyrir greiðslu styrks samkvæmt þessum samningi er að SSR skili MÍR samþykktum ársreikningi og starfsskýrslu fyrir 1. maí ár hvert. Skili SSR ekki inn ársreikningi og starfsskýrslu fellur samningurinn úr gildi.

Við undirritun samnings skal SSR leggja fram áætlun til tveggja ára yfir helstu verkefni og áherslur í barna- og unglingastarfi á tímabilinu og kynna það fyrir MÍR. Félagið skal í áætlunum

sínum setja fram skýr markmið um starfsemina, tillögur að settu marki og hvernig skuli staðið að mati á árangri.

SSR skal veita upplýsingar um þátttöku í starfinu, eftir kyni, sé þess óskað. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar og viðhafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

SSR skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagraðum Reykjavíkurborgar sé þess er óskað.

## **5. gr. Samskipti**

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd fyrir Reykjavíkurborg er hjá MÍR. Tengiliður fyrir hönd MÍR er skrifstofustjóri íþróttaborgarinnar. Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd SSR er framkvæmdastjóri félagsins. SSR skal senda ársreikning, starfsskýrslu og önnur viðeigandi gögn til skrifstofu MÍR, netfang mir@reykjavik.is.

## **6. gr. Vanefndir og meðferð deilumála**

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu SSR. Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu hennar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## **7. gr. Gildistími**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2024 til og með 31. desember 2025. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum

Samningur þessi er tvær blaðsíður, gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvern samningsaðila.

Reykjavík, \_\_. mars 2024

F.h. Skátasambands Reykjavíkur

F.h. Reykjavíkurborgar

---

---

# Samningur um rekstur Reiðhallarinnar í Víðidal

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Hestamannafélagið Fákur, kt. 520169-2969, Víðidal (hér eftir nefnt Fákur) gera hér með sér svohljóðandi samning um rekstur Reiðhallarinnar Brekknaási 5 með fastanúmer 205 – 3772, sem gerður er á grunni samstarfs Reykjavíkurborgar og Fáks á liðnum árum.

## 1. gr. Markmið og hlutverk samningsins

Fákur skal sjá um allan rekstur Reiðhallarinnar í Víðidal, frá og með 1. janúar 2024 samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa.

## 2. gr. Framkvæmd

Hestamannafélagið Fákur greiðir allan rekstrarkostnað vegna Reiðhallarinnar svo sem kostnað við rafmagn og hita, starfsmannahald o.fl.

Fákur skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsemi og starfsmanna Reiðhallarinnar og bera ábyrgð á því tjóni sem iðkendur og gestir geta orðið fyrir og rekja má til vanrækslu á viðhaldi eða umsjón Reiðhallarinnar.

Reykjavíkurborg greiðir fasteignagjöld og brunatryggingu fasteignar. Eignasjóður stendur skil á meiriháttar viðhaldi. Umhverfis- og skipulagssvið metur viðhaldsþörf árlega í samstarfi við forsvarsmenn Reiðhallarinnar.

Fákur tekur að sér og greiðir fyrir allt tilfallandi viðhald mannvirkja og áhalda og tækja eftir því sem þörf krefur og sjá um að mannvirkjum öllum verði viðhaldið, þannig að byggingahlutar úreldist ekki umfram það sem eðlilegt er. Til slíks viðhalds telst endurmálum, viðgerðir á gólfum, áhorfendasvæðum og viðhald vallar, viðgerðir á brotum eða skemmdum, viðhald hreinlætistækja og búnaðar, þ.m.t. innanstokksmunir og á hita- og loftræstikerfi

## 3. gr. Styrkveiting

Reykjavíkurborg skal greiða Fák styrk sem nemur kr. 18.695.000.- á ári vegna reksturs húsnaðis og valla Reiðhallarinnar.

Til viðbótar þessarar greiðslu mun Fákur fá 7.938.000- kr. styrk frá Reykjavíkurborg greitt af IBR í samræmi við úthlutunarreglur IBR um húsaleigu- og æfingarstyrki. Áður en þessi styrkur kemur til útgreiðslu verður búið að skuldajafna fasteignagjöldum Fáks

Auk þess greiðir menningar- og íþróttasvið innri leigu af Reiðhöllinni í Víðidal til Eignasjóðs að fjárhæð kr. 80.200.000.- árlega.

Fjárhæðir greiðslna á árinu 2024 skulu ekki breytast en árið 2025 skulu þær verðbætast í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs frá janúar 2024 til janúar 2025.

Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.



#### **4. gr. Skilyrði fyrir styrkveitingu**

Skilyrði fyrir greiðslu styrks samkvæmt þessum samningi er að Fákur skili MÍR samþykktum ársreikningi og starfsskýrslu fyrir 1. maí ár hvert. Skili Fákur ekki inn ársreikningi og starfsskýrslu fellur samningurinn úr gildi.

Fákur skal veita upplýsingar um þátttöku í starfinu, eftir kyni, sé þess óskað. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar og viðhafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

Fákur skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar.

#### **5. gr. Samskipti**

Umsjón og eftirlit með samningnum fyrir Reykjavíkurborg er hjá MÍR. Tengiliður fyrir hönd MÍR er skrifstofustjóri íþróttaborgarinnar. Ábyrgðaraðili og tengiliður samningsins fyrir hönd Fáks er forsvarsmaður félagsins. Fákur skal senda ársreikning, starfsskýrslu og önnur viðeigandi gögn til skrifstofu MÍR, netfang mir@reykjavik.is.

#### **6. gr. Vanefndir og meðferð deilumála**

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Fáks. Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu hennar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### **7. gr. Gildistími**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2024 til og með 31. desember 2026. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum

Samningur þessi er þrjár blaðsíður, gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvern samningsaðila.

Reykjavík, \_\_. mars 2024

F.h. Fáks

F.h. Reykjavíkurborgar



# Samningur um styrk vegna skákstarfsemi

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Skákdeild KR, kt. 441199-2019, Frostaskjóli 2, 101 Reykjavík (hér eftir nefnt „KRS“) gera hér með sér svohljóðandi samning um styrkveitingu, sem er gerður á grunni samstarfs Reykjavíkurborgar og KRS á liðnum árum.

## 1. gr. Markmið og hlutverk samningsins

Markmið samnings þessa er að tryggja öflugt samstarf samningsaðila í því skyni að efla barna- og ungmennastarf KR í skák og fylgja eftir að það fé sem Reykjavíkurborg leggur til starfs KRS nýtist sem best í þeim tilgangi.

## 2. gr. Framkvæmd

Með samningi þessum skuldbindur KRS að gera sem flestum börnum og unglingum kleift að iðka skák með því að veita þeim greiðan aðgang að því starfi sem þar fer fram. Haldnar eru æfingar og mót fyrir börn og ungmenni. Enn fremur skal félagið beita sér fyrir útbreiðslu skák íþróttarinnar.

## 3. gr. Styrkveiting

Veittur er styrkur fyrir árinu 2024 og 2025 að fjárhæð kr. 3.000.000 eða kr. 1.500.000.- ár hvort vegna reksturs deildarinnar. Styrkurinn greiðist sem hér segir ár hvert:

- a. 1.maí 750.000.-
- b. 1.september 750.000.-

Greiðsla skal innt af hendi inn á bankareikning styrkþega nr. 0137-26-004400. Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

## 4. gr. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Skilyrði fyrir greiðslu styrks samkvæmt þessum samningi er að KRS skili MÍR samþykktum ársreikningi og starfsskýrslu fyrir 1. maí ár hvert. Skili KRS ekki inn ársreikningi og starfsskýrslu fellur samningurinn úr gildi.

Við undirritun samnings skal KRS leggja fram áætlun til tveggja ára yfir helstu verkefni og áherslur í barna- og unglingastarfi á tímabilinu og kynna það fyrir MÍR. Félagið skal í áætlunum sínum setja fram skýr markmið um starfsemina, tillögur að settu marki og hvernig skuli staðið að mati á árangri.

KRS skal veita upplýsingar um þátttöku í starfinu, eftir kyni, sé þess óskað. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar og viðhafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

KRS skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagraðum Reykjavíkurborgar sé þess er óskað.

### **5. gr. Samskipti**

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd fyrir Reykjavíkurborg er hjá MÍR. Tengiliður fyrir hönd MÍR er skrifstofustjóri íþróttaborgarinnar. Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd KRS er forsvarsmáður deildarinnar. KRS skal senda ársreikning, starfsskýrslu og önnur viðeigandi gögn til skrifstofu MÍR, netfang mir@reykjavik.is.

### **6. gr. Vanefndir og meðferð deilumála**

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu KRS. Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhöggi við markmið og stefnu hennar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### **7. gr. Gildistími**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2024 til og með 31. desember 2025. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum

Samningur þessi er þrjár blaðsíður, gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvern samningsaðila.

Reykjavík, \_ . mars 2024

F.h. Skákdeildar KR

F.h. Reykjavíkurborgar

# Samningur

## um

### styrk vegna skákstarfsemi

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Víkingaklúbburinn kt. 440609-0900, Álftamýri 56, 108 Reykjavík gera hér með sér svohljóðandi samning um styrkveitingu, sem er gerður á grunni samstarfs Reykjavíkurborgar og Víkingaklúbbsins á liðnum árum.

#### 1. gr. Markmið og hlutverk samningsins

Markmið samnings þessa er að tryggja öflugt samstarf samningsaðila í því skyni að efla skák barna- og ungmennastarf Víkingaklúbbsins og fylgja eftir að það fé sem Reykjavíkurborg leggur til starfs Víkingaklúbbsins nýtist sem best í þeim tilgangi.

#### 2. gr. Framkvæmd

Með samningi þessum skuldbindur Víkingaklúbburinn að gera sem flestum börnum og unglingum kleift að iðka skák með því að veita þeim greiðan aðgang að því starfi sem þar fer fram. Haldnar eru æfingar og mót fyrir börn og ungmenni. Enn fremur skal félagið beita sér fyrir útbreiðslu skák íþróttarinnar.

#### 3. gr. Styrkveiting

Reykjavíkurborg skal greiða Víkingaklúbbum styrk sem nemur kr. 1.000.000.- á ári vegna reksturs deildarinnar.

- a) Útgreiðsla ár hvert
  - a. 1.maí 500.000.-
  - b. 1.september 500.000.-

Greiðsla skal innt af hendi inn á bankareikning styrkþega nr. 0101-26-011806. Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

#### 4. gr. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Skilyrði fyrir greiðslu styrks samkvæmt þessum samningi er að Víkingaklúbburinn skili MÍR samþykktum ársreikningi og starfsskýrslu fyrir 1. maí ár hvert. Skili Víkingaklúbburinn ekki inn ársreikningi og starfsskýrslu fellur samningurinn úr gildi.

Við undirritun samnings skal Víkingaklúbburinn leggja fram áætlun til tveggja ára yfir helstu verkefni og áherslur í barna- og unglingastarfi á tímabilinu og kynna það fyrir MÍR. Félagið skal í áætlunum sínum setja fram skýr markmið um starfsemina, tillögur að settu marki og hvernig skuli staðið að mati á árangri.

Víkingaklúbburinn skal veita upplýsingar um þátttöku í starfinu, eftir kyni, sé þess óskað. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar og viðhafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

Víkingaklúbburinn skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagraðum Reykjavíkurborgar sé þess er óskað.

### **5. gr. Samskipti**

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd fyrir Reykjavíkurborg er hjá MÍR. Tengiliður fyrir hönd MÍR er skrifstofustjóri íþróttaborgarinnar. Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd Víkingaklúbbsins er forsvarsmaður félagsins. Víkingaklúbburinn skal senda ársreikning, starfsskýrslu og önnur viðeigandi gögn til skrifstofu MÍR, netfang [mir@reykjavik.is](mailto:mir@reykjavik.is).

### **6. gr. Vanefndir og meðferð deilumála**

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Víkingaklúbbsins. Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu hennar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### **7. gr. Gildistími**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2024 til og með 31. desember 2025. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum

Samningur þessi er tvær blaðsíður, gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvern samningsaðila.

Reykjavík, \_\_. mars 2024

F.h. Víkingaklúbbsins

F.h. Reykjavíkurborgar

---

---

# Samningur um styrk vegna skákstarfsemi.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík og Taflfélag Reykjavíkur kt. 640269-7669, Faxafeni 12, 108 Reykjavík gera með sér svohljóðandi samning um styrkveitingu, sem er gerður á grunni samstarfs Reykjavíkurborgar og Taflfélags Reykjavíkur á liðnum árum:

## 1. gr. Markmið og hlutverk samningsins

Markmið samningsins er að tryggja öflugt samstarf samningsaðila um að efla barna- og ungmennastarf Taflfélags Reykjavíkur og fylgja eftir að það fé sem Reykjavíkurborg leggur til starfs þess nýtist sem best í þeim tilgangi.

## 2. gr. Framkvæmd

Með samningi þessum skuldbindur Taflfélag Reykjavíkur sig til að gera börnum og ungmennum kleift að iðka skák með því að veita þeim greiðan aðgang að því starfi sem þar fer fram. Haldnar eru æfingar og mót fyrir börn og ungmenni. Enn fremur skal félagið beita sér fyrir útbreiðslu skák íþróttarinnar.

## 3. gr. Styrkveiting

Veittur er styrkur fyrir árin 2024 og 2025 að fjárhæð kr. 14.660.000.- eða kr.7.330.000.- ár hvort vegna reksturs félagsins, viðhalds og fasteigna. Styrkurinn greiðist sem hér segir ár hvert:

- a) Útgreiðsla; kr. 5.000.000.-, sem greiðist tvisvar á ári:
- 1. maí 2.500.000.-
  - 1. sept. 2.500.000.-
- b) Skuldajafnað; fasteignastyrkur kr. 2.330.000.- á ári sem kemur ekki til útgreiðslu þar sem því er skuldajafnað á móti kröfu Reykjavíkurborgar vegna fasteignagjalda í febrúar ár hvert.

Greiðsla skal innt af hendi inn á bankareikning styrkþega nr. 0101-26-640269. Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar ár hvert.

## 4.gr. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Skilyrði fyrir greiðslu styrks samkvæmt þessum samningi er að Taflfélag Reykjavíkur skili MÍR samþykktum ársreikningi og starfsskýrslu fyrir 1. maí ár hvert. Skili Taflfélag Reykjavíkur ekki inn ársreikningi og starfsskýrslu fellur samningurinn úr gildi.

Við undirritun samnings skal Taflfélag Reykjavíkur leggja fram áætlun til tveggja ára yfir helstu verkefni og áherslur í barna- og unglingastarfi á tímabilinu og kynna það fyrir MÍR. Félagið skal í áætlunum sínum setja fram skýr markmið um starfsemina, tillögur að settu marki og hvernig skuli staðið að mati á árangri.

Taflfélag Reykjavíkur skal veita upplýsingar um þátttöku í starfinu, eftir kyni, sé þess óskað. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar og viðhafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

Taflfélag Reykjavíkur skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagraðum Reykjavíkurborgar sé þess er óskað.

### 5.gr. Samskipti

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd verkefnisins fyrir Reykjavíkurborg er hjá MÍR. Tengiliður fyrir hönd MÍR er skrifstofustjóri íþróttaborgarinnar. Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd Taflfélags Reykjavíkur er forsvarsmaður félagsins. Taflfélag Reykjavíkur skal senda ársreikning, starfsskýrslu og önnur viðeigandi gögn til skrifstofu MÍR, netfang mir@reykjavik.is.

### 6.gr. Vanefndir og meðferð deilumála

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannarlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Taflfélags Reykjavíkur. Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega til tengiliða verkefnisins skv. gr. 5. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhöggi við markmið og stefnu borgarinnar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### 7. gr Gildistími

Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2024 og gildir til 31. desember 2025. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum.

Samningur þessi er er tvær blaðsíður, gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila.

Reykjavík, , \_ . mars 2024

---

F.h. Taflfélags Reykjavíkur

---

F.h. Reykjavíkurborgar



Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur og félagasamtökin Læti! / Stelpur rokka!, kt. 700112-0710, gera með sér eftirfarandi:

## **SAMSTARFSSAMNING**

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við félagasamtökin Læti! / Stelpur rokka! tímabilið 1. janúar 2024 til 31. desember 2025.

### **1. gr. Starfsemi og markmið Læti! / Stelpur rokka!**

Markmið samtakanna Læti! / Stelpur rokka! er að leiðrétta kynjahalla í íslensku tónlistarlífi og verða leiðandi afl í jafnréttismiðuðu tómstundastarfi á Íslandi. Kjarni starfseminnar er rokksumarbúðir fyrir 12-16 ára krakka sem tilheyra jaðarsettum kynjum í tónlist þar sem kennt er á hljóðfæri, spilað í hljómsveitum og tónlist flutt og sköpuð. Verkefnið fellur vel að mannréttindastefnu borgarinnar sem m.a. kveður á um að börnum og unglíngum sé veitt hvatning til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjamynda. Samtökunum hefur tekist að vekja athygli á miklum kynjahalla í íslensku tónlistarlífi og auka vægi kvenna í tónlist. Áhersla hefur verið á þátttakendur sem tilheyra fleiri en einum minnihlutahópi, t.d. vegna uppruna, kynhneigðar, kyngervis og annarra þátta. Leiðbeinendur á vegum Læti! / Stelpur rokka! skulu hafa farið á fræðslunámskeið á vegum samtakanna.

### **2. gr. Kynningarmál, stefnur og reglur.**

Á öllu kynningarefni félagasamtakanna Læti! / Stelpur rokka! jafnt innanlands sem utan, komi fram að verkefnið sé styrkt af Reykjavíkurborg og birta skal merki Reykjavíkurborgar í því skyni.

Starfsfólk og stjórn Læti! / Stelpur rokka! skulu kynna sér siðareglur, jafnréttisstefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim. Læti! / Stelpur rokka! skulu jafnframt veita Reykjavíkurborg upplýsingar um þátttöku í starfinu eftir kyni sé þess óskað.

### **3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar**

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg félagasamtökunum Læti! / Stelpur rokka! árlega til í beinum fjárframlögum kr. 7.500.000 árin 2024 og 2025. Framlagið verði greitt með tveimur jöfnum greiðslum hvort ár, 10.-12. febrúar og 10.-12. júlí.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna ársins 2025 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til verkefnisins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu.

Læti! / Stelpur rokka! er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

Læti! / Stelpur rokka! greiða, með hluta af framlagi, húsaleigu vegna aðstöðu í húsnæði borgarinnar í Völvufelli.

### **4. gr. Samskipti og eftirlit**

Skrifstofa menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Læti! / Stelpur rokka! Sérstakur samráðshópur á vegum MÍR og frístundaskrifstofu SFS mun verða starfandi. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í nóvember 2024 og nóvember 2025, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu félagasamtakanna að verkefnaáætlun fyrir komandi starfsár. Læti! / Stelpur rokka! skila þá greinargerð og fjárhagsuppgjöri ár hvert og áætlun um rekstur og starfsemi næsta árs.

### **5. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings**

Telji samtökin Læti! / Stelpur rokka! hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal skrifstofu menningar- og íþróttasviðs tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Læti! / Stelpur rokka! hafa sýnt fram á að samtökin muni standa við samningsbundnar skyldur samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

### **6. gr. Gildistími**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2024 til og með 31. desember 2025. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum. Samningur þessi er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

### **7. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála**

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 5. febrúar 2024.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Læti! / Stelpur rokka!

# Samningur um styrk þjálfunar fatlaðra

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík kt. 500775-0339 gera hér með sér svohljóðandi samning um styrkveitingu, sem er gerður á grunni samstarfs Reykjavíkurborgar og ÍFR á liðnum árum.

## 1. gr. Markmið og hlutverk samningsins

Markmið samnings þessa er að tryggja öflugt samstarf samningsaðila í því skyni að styrkja þjálfun fatlaðra. Styrkþegi skal skila styrkveitanda skýrslu um framvindu verkefnisins fyrir lok verkefnisins í samræmi við 10. gr. reglna Reykjavíkurborgar um styrki. Skýrslunni skal fylgja greinargerð sem hægt er að nálgast á slóðinni: <http://www.reykjavik.is/styrkir> og senda til [mir@reykjavik.is](mailto:mir@reykjavik.is)

## 2. gr. Styrkveiting

Veittur er styrkur fyrir árinu 2024 og 2025 að fjárhæð kr. 2.400.000 eða kr. 1.200.000.- ár hvort vegna reksturs. Styrkurinn greiðist sem hér segir ár hvort:

- a. 1.maí 600.000.-
- b. 1.september 600.000.-

Greiðsla skal innt af hendi inn á bankareikning styrkþega nr. 0515-26-700075 . Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

## 3. gr. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Skilyrði fyrir greiðslu styrks samkvæmt þessum samningi er að ÍFR skili MÍR samþykktum ársreikningi og starfsskýrslu fyrir 1. maí ár hvert. Skili ÍFR ekki inn ársreikningi og starfsskýrslu fellur samningurinn úr gildi.

ÍFR skal veita upplýsingar um þátttöku í starfinu, eftir kyni, sé þess óskað. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar og skal hafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

ÍFR skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagraðum Reykjavíkurborgar sé þess er óskað án sérstakrar þóknunar.

## 4. gr. Samskipti

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd fyrir Reykjavíkurborg er hjá MÍR. Tengiliður fyrir hönd MÍR er skrifstofustjóri íþróttaborgarinnar. Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd ÍFR er framkvæmdarstjóri félagsins.

### **5. gr. Vanefndir og meðferð deilumála**

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu ÍFR. Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu hennar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### **6. gr. Gildistími**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2024 til og með 31. desember 2025. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum

Samningur þessi er tvær blaðsíður, gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvern samningsaðila.

Reykjavík, \_\_. mars 2024

F.h. Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík

F.h. Reykjavíkurborgar

---

---